

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum D-liðs III. kafla laga nr. 58/1961. Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt.

VII. KAFLI

Um starfsmenn kaupstaðarins.

63. gr.

Bæjarstjórn og bæjarráð skipa fasta starfsmenn kaupstaðarins og veita þeim laun, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum öðrum aðilum fengið eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinn stofnana.

Bæjarstjórn skipar bæjarritara, aðalgjaldkera, aðalbókara, byggingarfulltrúa og forstöðumenn bæjarstofnana, en bæjarráð aðra starfsmenn skv. 1. mgr. Fastir starfsmenn teljast þeir einir, er hlotið hafa skipun skv. 1. mgr. og eru jafnframt félagar í lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar og taka laun skv. kjarasamningi bæjarins við Starfsmanna Akraneskaupstaðar eða sérsamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skulu um ákveðin störf.

Bæjarráð getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins, og sett þeim erindisbréf. Skytt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Akranesi nr. 59 14. apríl 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber henni að gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

- A. Hún fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber henni að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, ennfremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 2. Hún hefur yfirumsjón með að fjármálastjórn bæjarins sé í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
 3. Hún hefur umsjón með því, að eigur bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Hún kveður á um lántökur fyrir bæinn, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar, en með samþykki bæjarráðs.
 5. Hún kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og ábyrgð bæjarsjóðs er nægilega tryggð með öruggri baktryggingu.
 6. Hún skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem bærinn er aðili að, svo og fulltrúa er bænnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum.
- Hún skipar einnig fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur og reglugerðir um stjórn og meðferð tiltekinna málafna bæjarins, ákveður lóðaleigur og aðrar gjaldskrár bæjar og bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo sem flest fengu atkvæðin.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu, ef bæjarfulltrúar óska þess.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarritari er ritari bæjarstjórnar, og sér hann um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar. Í forföllum bæjarritara annast skrifarar bæjarstjórnar færslu gerðabókar í samráði við forseta.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Þá skal einnig í fundargerð geta hvers þess máls, sem tekið er til umræðu, og hverjir taka þátt í umræðum um hvern einstakan dagskrárlið.

Í fundarlok skal lesa upp úr gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningur hans verði ritaður með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi annan hvern fimmtudag kl. 16.00, ef mál eru fyrir hendi. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka fyrir kl. 20.00, nema bæjarfulltrúar samþykki að halda fundi áfram.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við forseta.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs einnig lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12.00, næsta þriðjudag fyrir fund. Heimilt er þó bæjarstjóra að verða við ósk um að mál sé tekið á dagskrá, þótt síðar berist, enda hafi ósk um það borist áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar, að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar, og skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða

þeirrar nefndar, sem það vegna efnis frekast heyrir undir og skal það tekið á dagskrá bæjarstjórnar, sem liður í fundargerð bæjarráðs eða nefndarinnar.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar eigi síðar en kl. 20.00 næsta þriðjudag fyrir fund.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 7. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, séu afbrigði veitt, með samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

9. gr.

Auglýsa skal fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa, á sama hátt og venja er að birta opinberar tilkynningar á Húsavík.

Fundina skal auglýsa með dagskrá, nema um sé að ræða fundi fyrir luktum dyrum sbr. 10. gr.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði, þegar þeir eru auglýstir. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðauka-tillögur eða frávisunartillögur við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður **hlutkesti**.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal við hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn í skrána í réttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru.

Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þegar hann talar, nema forseti leyfi annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni timalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál, en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúa er á mælendaskrá.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. mgr. umræðulaust. Tveir fulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram slíkar tillögur, og skulu þær líka afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skýlt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, sem hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almennt agaleysi kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

19. gr.

Fundargerðir bæjarstjórnarfunda skal vélrita og senda bæjarfulltrúum að fundi loknum, eða með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar sem haldinn er.

Heimilt er að taka umræður á bæjarstjórnarfundum upp á segulband til varðveislu um skamman tíma.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skýlt að sækja fundi bæjarstjórnar, og sitja þá til enda, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skýlt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skýlt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim skýlt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við, sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmalanna.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn af, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarfulltrúar skulu hafa auglýstan viðtalstíma á bæjarskrifstofunni fyrir bæjarbúa, tvær klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í hverjum hálfum mánuði. Skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma, og skulu þeir vera sinn af hvorum lista. Heimilt er að fækka þessum viðtalstímum, eða fella þá niður, ef þeir eru ekki sóttir af bæjarbúum.

Bæjarstjóri skipuleggur viðtalstímana og auglýsir þá.

25. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

26. gr.

Á bæjarstjórnarfundum í júní ár hvert skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kys sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að listi, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði vikulega. Heimilt er þó að fella niður annan hvern fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það, eða a. m. k. tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum eigi síðar en með tólf stunda fyrirvara.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Húsavíkurkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

28. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbýr fjárhagsáætlanir og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Enn fremur hefur það eftirlit með allri starfsemi bæjarins, sem ekki er fallin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar, með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

30. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

31. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum kaupstaðarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

32. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda, og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar.

Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

33. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 27. gr.

34. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, sammingsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

35. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarráði er skylt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans, sbr. 36. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með uppsetningu ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

38. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.

B. Til eins árs á fundi í desember ár hvert:

1. Fimm menn í hátiðanefnd 17. júní og jafnmarga til vara. Heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátiðahaldanna, og skal sú ákvörðun tekin á desemberfundi.
2. Þrjú menn í kjörstjórn og jafnmarga til vara.

C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. Fjóra menn í bygginganefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og fjóra varamenn.

Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar, samkvæmt lögum.

Á fundum nefndarinnar á sæti byggingafultrúi, auk nefndarmanna, með málfrelsi og tillögurétti.

2. Fimm menn í orku- og veitunefnd. Þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.

Nefndin annast málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.

3. Fimm menn í hafnarnefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar.

4. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar, og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga jafnframt sæti í nefndinni, samkvæmt lögum, með málfrelsi og tillögurétti.

5. Fimm menn í skólanefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar, og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann samkvæmt lögum.

Auk málefna grunnskóla og framhaldsskóla, annast nefndin málefni Tónlistarskóla Húsavíkur.

6. Þrjú menn í skólanefnd Iðnskóla Húsavíkur og þrjú til vara. Skulu tveir vera iðnlærðir hið minnsta. Að auki tilnefna nemendur einn fulltrúa og varamann til tveggja ára í senn.

Ráðherra skipar fimmta manninn í skólanefndina, samkvæmt lögum, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

- 5.—6. Formaður og bæjarfulltrúi í skólanefnd og formaður skólanefndar Iðnskóla skulu, ásamt skólástjórum skólanna, mynda samstarfsnefnd, undir formennsku formanns skólanefndar. Nefndin heiti samstarfsnefnd fræðslumála. Skal nefndin vinna að samræmingu fræðslumála í bænum og á héraðsgrundvelli í samráði við héraðsbúa og Menntamálaráðuneytið. Þá skal samstarfsnefndin starfa sem bygginganefnd skólamannvirkja á Húsavík.

Samstarfsnefndin skal kveðja tæknimenn frá bænum til starfa með nefndinni, þegar fjallað er um byggingafrankvæmdir og formann íþróttanefndar ásamt fulltrúa frá Í.f. Völsungi, ef fjallað er um sameiginleg skóla- og íþróttamannvirki.

Bæjarstjóri skal sitja fundi nefndarinnar sé þess sérstaklega óskað af nefndarmönnum eða honum sjálfum.

7. Tvo menn í íþróttanefnd. Þar af minnst annan innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Auk þess tilnefni Í.f. Völsungur einn fulltrúa í nefndina og einn til vara.

8. Tvo menn í stjórn Náttúrugripasafns og jafnmarga til vara.

9. Einn mann í stjórn Héraðsskjalasafns Suður-Þingeyinga og einn til vara.

10. Þrjú menn í stjórn Bókasafns Suður-Þingeyinga og jafnmarga til vara.

11. Einn mann úr hópi bæjarfulltrúa til að gegna formennsku í menningarmálanefnd, og einn til vara kosinn á sama hátt. Aðrir fulltrúar í menningarmálanefnd eru fulltrúar bæjarins í stjórn Náttúrugripasafns, Héraðsskjala-

- safns og Bókasafns Suður-Þingeyinga, og eru varamenn hinir sömu og í framantöldum stjórnnum.
12. Fimm menn í atvinnumálanefnd, þar af minnst einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
 13. Fimm menn í félagsmálaráð, og jafnmarga til vara. Nefndin annist barnaverndarmál, áfengisvarnarmál í samræmi við verkaskiptingu í reglugerð nr. 121/1971, fíkniefnavarnir, — framfærslumál og heimilishjálp. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
 14. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnarráðs. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum og reglugerðum og verkaskiptingu við félagsmálaráð samkvæmt reglugerð nr. 121/1971 eftir því sem við á.
 15. Þrjú menn í dagvistunarnefnd barna og jafn marga til vara. Nefndin annist rekstur dagheimilis, leikskóla og leikvalla. Þá skal nefndin starfa sem bygginganefnd dagvistunarstofnana og leikvalla. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
 16. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Húsavíkur og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann samkvæmt lögum.
 17. Tvo menn í stjórn Sjúkrahúss Húsavíkur og Heilsugæslustöðvarinnar á Húsavík, og jafnmarga til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
 18. Tvo menn í sáttanefnd og jafnmarga til vara.
 19. Þrjú menn í náttúruverndarnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
 20. Tvo menn í fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur og jafnmarga til vara.
 21. Einn mann í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og einn til vara. Bæjarstjóri er annar fulltrúi bæjarins í stjórn L.S.S.H. og er forseti bæjarstjórnar varamaður hans.
 22. Tvo menn í stjórn Rekstrarlánasjóðs smábátaútgerðar á Húsavík og jafnmarga til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
 23. Tvo bæjarfulltrúa í Tómsundaráð Húsavíkur og jafnmarga til vara. Tómsundaráð skiptir sjálft með sér verkum.
 24. Fjóra menn í trúnaðarráð Dvalarheimilis aldraðra, og jafnmarga til vara. Ráðið skiptir sjálft með sér verkum.
 25. Þrjú menn í leiguíbúðanefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
 26. Þrjú menn í framtalsnefnd og jafnmarga til vara. Bæjarstjóri starfi með nefndinni.
 27. Einn mann sem formann umferðar- og öryggismálanefndar, og einn til vara. Auk hans eiga sæti í nefndinni byggingafulltrúi, yfirmaður verklegra framkvæmda og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: bæjarfógeta, lögreglu og bifreiðæftirlitinu Húsavík, og Kvinnadeild S.V.F.Í., Húsavík.
 28. Tvo menn í fegrunarnefnd og jafnmarga til vara. Að auki á sæti í nefndinni fulltrúi tilnefndur af Garðyrkjufélagi Húsavíkur.
 29. Tvo fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, og jafnmarga til vara.
 30. Tvo fulltrúa á þing Fjórðungssambands Norðlendinga og jafnmargra til vara. Bæjarstjóri á jafnframt sæti á fjórðungsþingi, samkvæmt lögum þess.
 31. Einn fulltrúa á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
 32. Sjö menn í sjó- og verslunardóm Húsavíkur og þrjú til vara.

D. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykktu bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga sæti í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundur skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kys formann nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt, eða bæjarstjórn leggi nefndina niður.

40. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum, reglugerðum eða samningum.

VIII. KAFLI

Starfsmenn bæjarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim laun eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, sbr. C-lið 2. málsgreinar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f.h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem skv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrjú mánuðir.

IX. KAFLI

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar nr. 163 1. október 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingakostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Raðhús og keðjuhús	2.5%
Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	2.0%
Fjölbýlishús með 5 íbúðum og fleiri	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinberar byggingar	4.5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.5%
Gripahús	1.0%